

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Glerárvirkjunar II, inntaksstífla.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. ágúst 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Glerárvirkjun II vegna inntaksstíflu.

Breytingin felur í sér að lóð er skilgreind undir inntaksstíflu á Glerárdal og hæð stíflunnar eykst um 1,5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 4. september 2017,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2017